

LV-2015-101



Landsvirkjun



Umhverfishópur Landsvirkjunar

Skýrsla sumarvinnu 2015

Lykilsíða



Skýrsla LV nr: LV-2015-101

Dags: Október 2015

Fjöldi síðna: 25

Upplag: 4

Dreifing:

- ☐ Birt á vef LV
- ☒ Opin
- ☐ Takmörkuð til

Titill: Umhverfishópur Landsvirkjunar: Skýrsla sumarvinnu 2015

Höfundar/fyrirtæki: Elvar Sigurgeirsson, Sunna Kristín Óladóttir, Ríkarður Már Ellertsson, Guðmundur Jónsson, Þórdís Ylfa Viðarsdóttir

Verkefnisstjóri: Þóra María Guðjónsdóttir

Unnið fyrir: _____

Samvinnuaðilar: _____

Útdráttur: Í skýrslunni er gerð grein fyrir þeim verkefnum sem unnin voru í Umhverfishópi Landsvirkjunar sumarið 2015. Stutt úttekt er á hverju verkefni fyrir sig ásamt magntölum. Verkefnin sem hópurinn vann eru undir merkjum samfélagsverkefnisins "Margar hendur vinna létt verk"

Lykilorð: Sumarvinna, Unglingar, Umhverfismál, Margar hendur vinna létt verk, Skógrækt, Landgræðsla

ISBN nr:

Samþykki verkefnisstjóra
Landsvirkjunar

Þóra María Guðjónsd.

Umhverfishópur Landsvirkjunar

Skýrsla sumarvinnu 2015



Október 2015

Efnisyfirlit

Umhverfishópur	3
Undirbúningur og fyrstu dagar	4
Heiðmerkurhópurinn	5
Hafnarfjarðahópurinn	8
Flökkuhópurinn	13
Námskeið og viðburðir	18
Athugasemdir eftir sumarið	20
Myndaskrá	24
Nafnalisti.....	24

Umhverfishópur

Sumarið 2015 störfuðu 3 verkstjórar, 2 aðstoðarverkstjórar og 41 unglingur (16 stelpur og 25 strákar) í Umhverfishópi Landsvirkjunar sem staðsettur er í Reykjavík. Alls bárust 358 umsóknir um sumarstarf unglinga hjá Landsvirkjun, en ráðið var 41 ungmenni í umhverfishópinn. Vinnutímabilið í sumar var 9 vikur, frá 1. júní til 31. júlí.

Umhverfishópnum var skipt í þrennt líkt og undanfarin sumur. Einn hópur starfaði í Heiðmörk í samvinnu við Skógræktarfélag Reykjavíkur, annar hópur við Hvaleyrarvatn, í samstarfi við Skógræktarfélag Hafnarfjarðar og sá þriðji vann smærri verkefni í samstarfi við ýmsa aðila. Öll verkefni sumarsins voru unnin undir merkjum samfélagsverkefnisins *Margar hendur vinna létt verk* en þar gefst félagasamtökum, sveitarfélögum og stofnunum kostur á að óska eftir samstarfi við sumarvinnuflokka Landsvirkjunar.

Í þessari skýrslu má lesa um verkefnin sem unnin voru, fræðast um hópana og hvar þeir lögðu hönd á plóg í sumar.

Þóra María Guðjónsdóttir hafði umsjón með umhverfishópnum.



Undirbúningur og fyrstu dagar

Undirbúningur fyrir sumarvinnu hófst tveimur vikum áður en krakkarnir hófu störf. Byrjað var á að halda fund með öllum verkstjórum og hópstjórum, þar sem farið var yfir áætlun sumarsins. Elvar sá um almennan undirbúning, þ.e. skipta starfsmönnum í hópa, panta fatnað og undirbúa möppur. Sjá má ítarlegri lýsingu á undirbúningi í *Handbók fyrirmyndaverkstjórans*, sem sett var saman í lok sumars af Þórdísi Ylfu eftir punktum frá Elvari.

28. og 29. maí fóru hópstjórar og verkstjórar á námskeiðið *Ungir stjórnendur* undir leiðsögn Steinunnar Stefánsdóttur frá Starfsleikni. Meira er fjallað um námskeiðið seinna í skýrslunni.

Fyrsta dag vinnutímabilsins, 1. júní, mættu starfsmenn umhverfishópsins upp á Háaleitisbraut klukkan átta. Verkstjórar héldu kynningu á sumarstarfinu og aðstoðarverkstjórar og hópstjórar voru kynntir. Næst mættu tveir hjúkrunarfræðingar frá Vinnuvernd og héldu námskeið í skyndihjálpi. Magnús Þór Gylfason frá samskiptasviði hélt stutta kynningu um starfsemi Landsvirkjunar og eftir góðan hádegismat í mötuneytinu hélt hópurninn í Heiðmörk þar sem var farið í hópeflisleiki.



Heiðmerkurhópurinn

Heiðmerkurhópurinn starfar í samstarfi við Skógræktarfélag Reykjavíkur. Þetta árið skipuðu hópurinn 23 starfsmenn auk verkstjóra. Verkstjóri var Elvar Sigurgeirsson og aðstoðarverkstjóri var Þórdís Ylfa Viðarsdóttir. Þorkell Helgason var hópstjóri þetta árið. Vegna fjölda yfirmanna var hægt að skipta hópnum í smærri einingar og leysa fleiri verkefni samtímis. Heiðmörk er gríðarstórt svæði eða um 3000 ha og er því nóg af verkefnum að velja úr.

Vinnuandi

Inn í hópinn komu 6 nýjir starfsmenn og tókst þeim ágætlega að mynda tengsl við hópinn. Reyndar virðist ennþá vera sú mýta að yngstu krakkarnir þurfi einhverskonar busun en verkstjórar náðu að stöðva það að mestu leyti. Vinnuandinn var annars mjög góður í sumar og er hægt að þakka betra veðri þar fyrir.



Gegnum gangandi brandari var að í dag er meiri sól en var allt síðasta sumar.

Vinnuaðstaða

Hópurinn fékk tvo skúra þetta sumarið, einn til að geyma verkfæri og hlífðarföt og annan til að borða í, í matarhléum. Þetta fyrirkomulag stórbætti aðstæður og skap starfsmanna. Þá fékk hópurinn ferðakamar í fyrsta skipti í mörg ár, sem fækkaði akstursferðum á salerni í skógræktarmiðstöðinni. Síðasta dag vinnutímabilsins fór hópurinn í sund í Kópavogi, út að borða á Roadhouse og endaði daginn á fótboltagolfi.



Gróðursetning og stígagerð

Helstu verkefni sumarsins voru líkt og áður, stígagerð og gróðursetning. Gróðursetningin fór hægt af stað þar sem undanfarinn vetur

var kaldur og fáar plöntur voru tilbúnar til gróðursetningar í byrjun sumars. Mest var plantað í Vífilsstaðahlíð og á svæði við Grunnuvötn.

Rúmlega 33.000 plöntur voru gróðursettar þetta sumarið, þar af mest af furu og blágreni. Staðsetning plantnanna og stærð svæðis sem plantað var á, var síðan rakin með GPS tæki. Eitt stærsta verkefni sumarsins voru endurbætur á stíg, sem liggur frá Þjóðhátíðarlundi til norðurs, meðfram Hjallabraut. Stígurinn er um tveir kílómetrar. Einnig var stígur bak við miðstöð skógræktarinnar lagaður og stigar settir til að bæta aðgengi. Hjólaleið meðfram Elliðavatni var lagfærð svo um munar. Notaðir voru um 36 rúmmetrar af mól í sumar, sem jafngildir um 70 tonnum.

Þrif og önnur verkefni

Heiðmörk er mjög vinsæll útivistarstaður og er mikið heimsótt um helgar. Eitt vinsælasta verkefni sumarsins er hinn svokallaði ruslahringur. Hann er jafnan farinn tvisvar í viku þar sem starfsmenn hreinsa grill á fimm áningarstöðum og tæma ruslatunnur. Auk þess tína þeir rusl sem fólk hefur skilið eftir sig á útivistarsvæðum og meðfram vegum. Þetta sumar var verkefnið mun stærra vegna veðurs: Þegar hlýtt er í veðri flykkjast bæjarbúar í Heiðmörk að grilla.



Í tilefni þess að Skógræktin hélt fyrst skógardaginn, var hópurinn beðinn að setja

upp þrautabraut í Furulundi. Það var gert undir leiðsögn Elvars, þar sem hann hefur reynslu af þeim efnum í gegnum skátana.

Mikið moldarrof hefur orðið á svæðum í Heiðmörk og hópurinn græddi upp stórt svæði nálægt Þjóðhátíðarlundi. Grasþökum, sem rifnar voru upp við stígagerð, var raðað í moldina og líka grasi, sem slegið var af túnum.


Meðal annarra verkefna voru uppsetning á skiltum, almennt viðhald og fegrun umhverfisins, rakstur á túnum, sláttur á lúpínum í Rauðhólum og aðstoð í skógræktarmiðstöðinni.

Magntölur

Möl: c.a. 70 tonn

Plöntur: c.a. 33500 stykki

Sitkagreni ('40)	Blágreni ('40)	Fura ('67)	Lerki ('67)	Birki ('67)
160 bakkar	185 bakkar	223 bakkar	25 bakkar	46 bakkar
6400 plöntur	7400 plöntur	14941 plöntur	1675 plöntur	3082 plöntur



Starfshópurinn er vel skipulagður. Eftirtektarvert hefur verið hvað flokksstjórar hafa stjórnað hópnum röggssamlega og af góðri verkkunnáttu. Ungmennin hafa reynst harðdugleg og hafa skilað góðu og vönduðu verki af metnaði.“

Hafnarfjarðarhópurinn



Vinnuhópurinn í Hafnarfirði sumarið 2015 samanstóð af 17 starfsmönnum auk verkstjóra og tveggja hópstjóra. Verkstjóri var Sunna Kristín Óladóttir og hópstjórar voru Páll Arnar Kandeh og Elma Ingvarsdóttir. Unnið var í samstarfi við Skógræktarfélag Hafnarfjarðar eins og fyrri ár og hafði hópurinn aðstöðu í húsi félagsins, Þöll.

Mestur tíminn fór í vinnu við stígana í skóginum. Hún fólst í að betrumbæta þá göngustíga sem voru lagðir síðasta sumar á svæði Skógræktarfélagsins, ásamt slætti og viðhaldi á þeim í kringum Þöll. Mölin í stígunum þjappast töluvert með tímanum og því þarf að bæta nokkrum lögum af mól í þá til að viðhalda gæðum stígsins þar til hann er tilbúinn.

Göngustígagerð

Við byrjuðum sumarið á því að keyra leirblandaða möl í göngustíga sem voru lagðir síðasta sumar. Einnig hreinsuðum við lúpínu og grjót, mótuðum nýja stíga út frá eldri stígum og tengdum saman í lengri stíga. Til þess að gera stígana sem snyrtilegasta þarf að móta breidd þeirra með kantskera, hreinsa grjót úr þeim og losa illgresi og lúpínu áður en mölin er keyrð í þá og slétt úr henni. Samtals fóru tæplega 200 tonn af mól í stíga sem eru samtals um 1.7 kílómetrar að lengd.



Gróðursetning

Trjáplöntur sem gróðursettar voru í sumar komu ýmist í fjöldabökkum eða tveggja lítra pottum.

Bakkaplönturnar voru gróðursettar með plöntustaf í lúpínubreiður við Skátalund og pottaplönturnar voru gróðursettar með stunguskóflu í

brekku við Hvaleyrarvatn. Samtals voru 15.683 plöntur gróðursettar í sumar sem dreift var á fjóra vinnudaga.

Magntölur: Gróðursettar plöntur í Hafnarfirði sumarið 2015:

Tegund	Magn
Stafafura	2.948
Bergfura	201
Sitkagreni	8.720
Alaskaösp	2.905
Pottaplöntur	909
Samtals	15.683

Ruslahringur og viðhald grilla

Svæðið í kringum Hvaleyrrarvatn er mjög vinsælt útivistarsvæði og þegar hlýtt er í veðri geta gestir sem heimsækja svæðið skipt tugum. Nokkrar ruslatunnur eru á svæði Skógræktarfélags Hafnarfjarðar, þar á meðal í kringum Hvaleyrrarvatn og í Kaldárseli. Hópurinn aðstoðaði félagið við að losa úr tunnunum og að hirða rusl á útivistarsvæði á vinnutímabilinu. Grill eru einnig staðsett sitt hvoru megin við vatnið og sá hver sá sem hirti ruslið um að moka notuð kol úr þeim.



Þöll: Arfahreinsun, sláttur og viðhald á plöntum

Hreinsuð voru rósa- og runnabeð í kringum Þöll nokkrum sinnum yfir sumartímann. Einnig sá hópurinn um slátt á útivistar- og skógræktarsvæðinu. Mikil vinna fór í að slá kerfil, lúpínu og gras meðfram stígum. Til dæmis var það gert meðfram stíg sem er um 4 kílómetrar að lengd og liggur upp og niður brattar hlíðar. Vinsælt þótti að fá að potta plöntum í Þöll þar sem plöntustiklum var komið fyrir í pottum, þær látnar festa rætur þar sem þeim var komið fyrir inni í gróðurhúsum eða úti í vermireitum. Einnig var illgresi hreinsað úr pottum og ræktunarbeðum.



Trjábolum safnað til stígagerðar

Síðasta verkefni sumarsins fólst í að draga trjádrumba út úr skóginum við Hvaleyrarvatn. Þeir voru dregnir niður á göngustíg við vatnið þar sem þeir bíða þess að verða kurlaðir með haustinu.

Starfsmannahópurinn

Góður andi var í starfsmannahópnum í Hafnarfirði í sumar. Sex starfsmenn komu nýjir inn í byrjun sumars og þeir voru flestir fljótir að aðlagast hópnum. Haldið var hópefli í Heiðmörk í júní þegar flestir voru mættir og vinnan var komin á skrið. Þrátt fyrir vætusamt veður þjappaði þetta hópnum enn meira saman. Næstsíðasta vinnudaginn fór hópurinn saman út að borða í hádeginu og í körfubolta eftir á.



Umsögn

„Vinnuframlag þetta skiptir sköpum fyrir starfsemi Skógræktarfélags Hafnarfjarðar sem hefur umsjón með einu vinsælasta útivistarsvæði á öllu höfuðborgarsvæðinu. Það er ljóst að ekki væri hægt að framkvæma allt það sem nú er gert ef ekki væri fyrir stuðning Landsvirkjunar við félagið“



Flökkuhópurinn

Verkstjóri flökkuhópsins sumarið 2015 var Ríkarður Már Ellertsson og aðstoðarverkstjóri var Guðmundur Jónsson. Hverja viku komu 4-6 krakkar úr Heiðmörk og Hafnarfirði yfir í flökkuhóp. Keyrt var um á Toyota Hiace frá Bílaleigu Akureyrar sem var í senn nestisaðstaða og geymsla fyrir föt, skó og verkfæri. Unnið var á ýmsum stöðum í Reykjavík og nágrenni. Sumarið einkenndist af góðu veðri og skemmtilegum starfsanda.



Ásmundarsafn 2. – 8. júní og 26. júní –3. júlí

Flökkuhópurinn var fyrstu og fimmtu vikuna á Ásmundarsafni í Laugardal. Verkefni voru meðal annars að hreinsa arfa úr beðum, tína rusl úr garðinum og fjarlægja illgresi milli steina í göngustíg. Starfsfólk safnsins tóku vel á móti sumarstarfsmönnum. Undir lokin fékk hópurinn kynningu um listamanninn Ásmund Sveinsson og verkin hans ásamt smá kræsingum.




Umsögn:

„Vinnuhópur Landsvirkjunar sem var hér við störf í júní og júlí, var dugmikill, áhugasamur og kurteis. Það ríkti góður vinnuandi í hópnum og þau vissu til hvers var ætlast af þeim. Hópurinn og Landsvirkjun fær okkar bestu þakkir og kveðjur fyrir ómetanlegan stuðning við að gera ásynd Ásmundasafns enn meira aðlandi en verið hefði, ef stuðnings ykkar hefði ekki notið við.“

Vatnsleysuströnd 9. – 23. júní.

Næstu tveimur vikum var varið á golfvöllinum á Vatnsleysuströnd. Þar biðu ýmis verk hópsins, til dæmis að bera mól í stíga, fjarlægja grjót, raka gras og gata grín. Hér fengu verkstjórar að keyra misstórar og misgamlar vélar líkt og traktor, gröfu og fleiru slíku. Hvern einasta dag fengu starfsmenn Landsvirkjunar súpu og brauð í hádeginu. Síðasta daginn var svo haldið pulsupartí í golfskálanum.



Contorinn

Umsögn:

„Eins og fyrri ár er vinnuframlagið sem við fáum með þessum hóp ómetanlegt. Starfsmönnum á Kálfatjarnarvelli fjölga um 200% í viku þannig að hægt er að fara í verkefni sem annars hefðu setið á hakanum fram á næsta ár. Hópurinn vann að viðhaldi stíga, undirbúning fyrir sáningu og önnur tilfallandi verkefni. Hópurinn vann öll sín verkefni hratt og vel undir styrkri stjórn hópstjórans þeirra. Kærar þakkar til ykkar allra fyrir að rétta okkur hjálparhönd, það munar um minna fyrir íþróttafélag með fáa starfsmenn að fá duglegar hendur til þess að hjálpa til við að fegra og viðhalda golfvöllinum okkar.“

Háaleiti 68 & Völuteigur 4., 24. – 25. júní og 8.-10. júlí.

Þessa daga vann flökkuhópurinn fyrir Sæmund Pálsson, húsvörð Landsvirkjunar. Unnið var á Háaleitisbraut 68 og Völuteigi 4. Verkefni voru m.a. að sópa bílastæði, slá gras á lóð, þvo glugga, reita arfa og fleira tilfallandi.



Umsögn:

Tveir þykki

„Gott er að hafa duglega krakka til taks yfir sumarið þegar verkefni hrannast upp.“

Kjalarnes 13. – 17. júlí

Því næst hélt flökkuhópurinn upp á Kjalarnes að planta trjám í Esjunni í samstarfi við Skógræktarfélag Kjalarness. Um 6.000 plöntur voru gróðursettar í fjallshlíðinni fyrir ofan Vesturlandsveg (fyrir neðan Arnarhamar). Einnig þurftu sumarstarfsmenn að reka rollur af svæðinu til að vernda nýju plönturnar.

Umsögn:

„Skelegg framganga vinnuhópsins við gróðursetninguna var aðdáunarverð. Þau unnu verkið skipulega skv. korti og luku því bæði fljótt og vel.“



Krakkarnir duglegir að vinna í bakgrunninum

Mosfellsbær 20. - 31. júlí

Síðustu tveimur vikum sumars varði flökkuhópurinn í Mosfellsbæ. Hér voru fjarlægðar girðingar fyrir neðan Úlfarsfell og Helgafell. Meirihluti tímans fór þó í að bera lakk á ýmsar viðarbrýr innan bæjarins. Síðasta daginn hafði hópurinn klárað öll sín verkefni fyrir hádegi, svo haldið var að Helgufossi og tekinn stuttur og kaldur sundsprettur.



Göngubrú í Mosfellsdal

Umsögn:

„Mosfellsbær fékk hóp til starfa frá Landsvirkjun í júlí. Hópurinn stóð sig með stakri prýði og sinnti verkefnunum mjög vel. Þetta var flottur hópur undir góðri verkstjórn flokkstjóra.“

Námskeið og viðburðir

Ungir stjórnendur

Í upphafi sumars sátu verkstjórar og hópstjórar tveggja daga námskeið í stjórnun. Á námskeiðinu var meðal annars farið yfir hvernig á að stjórna jafningjum, hvernig taka má á vandamálum í hópnum og hvernig skapa á jákvætt andrúmsloft í vinnunni. Þau fengu þar líka tækifæri til að kynnast verk- og hópstjórum í öðrum sumarvinnuhópum Landsvirkjunar, miðla reynslu sinni af stjórnunarstörfum og læra af reynslu hvors annars. Í lok námskeiðisins fór hópurinn í keilu. Námskeiðið var mjög skemmtilegt og gagnlegt og nýttist vel yfir sumarið.

Fyrsta hjálp

Fyrsta dag vinnutímabilsins fengu starfsmenn umhverfishópsins námskeið í skyndihjálp. Fyrst var fyrirlestur um hvernig bregðast á við þegar slys ber að garði. Síðan fengu krakkarnir að æfa endurlífgun á dúkkum og að setja hvert annað í læsta hliðarlegu. Sem betur fer þurfti ekki að nýta þessa kunnáttu í sumar.



Lasertag

Um mitt sumar héldu hópar umhverfishópsins sameiginlegt hópefli í Heiðmörk. Byrjað var á að fara í ýmsa leiki og sumir spiluðu fótbolta. Í hádeginu voru grillaðar pylsur og eftir það var farið í lasertag í skóginum með tækjum frá Skemmtigarðinum. Starfsmenn voru mjög ánægðir með þennan dag.



Afmælishátíð Landsvirkjunar

50 ára afmæli Landsvirkjunar var haldið 1. júlí með stórri hátíð í Búrfelli. Sumarstarfsmönnum var að sjálfsögðu boðið og skemmtu þeir sér mjög vel. Veðrið var kannski ekki eins og menn hefðu óskað sér, en hópurinn lét það ekki á sig fá, heldur spilaði búbblubolta og gæddi sér á gómsætum veitingum.



Athugasemdir eftir sumarið

Rútur

Þetta ár var aftur gerður samningur við rútuþyrirtækið Teit. Rúturnar hentuðu vel fyrir svæði líkt og Heiðmörk og Þöll en öðru hvoru kom fyrir að send var rúta, sem réði illa við malarvegi; rúturnar fylltust af ryki af veginum og voru ekki mjög öruggar. Einn eftirmiðdaginn var rúmlega 40 mínútna seinkun á rútnni sem átti að sækja Hafnafjarðarhópinn. Einn bílstjórinn frá Teiti keyrði alltaf of hratt, fór yfir á rauðu ljósi og bar ábyrgð á slysi, þar sem einn starfsmaður Landsvirkjunar slasaðist á ökkla.

Samstarfsaðilar

Samstarf við Skógræktarfélag Reykjavíkur var frábært. Ef eitthvað vantaði, áhöld eða annað, var gengið strax í málið, eða við fengum leyfi til að redda því sjálf. Samstarfið við Skógræktarfélag Hafnafjarðarðarbæjar fór treglega af stað. Fullnægjandi sjúkrakassa vantaði á staðinn og illa tókst að sannfæra starfsmenn félagsins, að það væri nauðsynlegt að hafa hann á staðnum. Verkefnum hafði síðustu ár verið úthlutað hóp Landsvirkjunar í byrjun vinnudags og þetta sumar byrjaði með sama móti. Óhentugt þótti fyrir sumarstarfsmenn Landsvirkjunar, að þurfa að byrja vinnudaginn á því að bíða eftir að verkstjóri deildi þeim niður á verkefni. Starfsmenn skógræktarfélagsins lofuðu að taka breytingar til greina, en ekkert gerðist þar til verkstjóri boðaði þá á fund, þar sem farið var fram á breytingar og að sjúkrakassi yrði yfirfarinn og nýr keyptur. Einnig hafði komið upp atvik fyrr í sömu viku, þar sem gestur hafði verið í Þöll á sama tíma og sumarstarfsmenn voru þar að borða hádegisverð sinn. Einn af sumarstarfsmönnum Landsvirkjunar var áreittur af þessum gesti með endurteknum neikvæðum athugasemdum um hegðun hans, sem hafði þær afleiðingar að sumarstarfsmanninum leið illa það sem eftir var vinnudags. Á þessum fundi var starfsmönnum Skógræktarfélagsins gert ljóst, að ekki væri í boði fyrir neinn utanaðkomandi að skipta sér af krökkunum. Eftir þennan fund gekk samstarfið betur, en verkstjórar urðu þó vitni að baktali starfsmanna skógræktarfélagsins, um verkfærni sumarstarfsmanna Landsvirkjunar í fleiri en eitt skipti.

Samstarfið við Ásmundarsafn var flott eins og fyrri ár. Þó mættu nokkur atriði betur fara. Verkefnin þar eru tímafrek og hálf tilgangslaus. Allur arfi sem tekin er upp vex aftur innan tveggja vikna. Spurning um að fá fleiri manns í einu og þá í styttri tíma. Einnig þarf að endurnýja eitthvað af verkfærunum þar.

Námskeið

Undirbúningsnámskeið fyrir hópstjóra og verkstjóra var haldið á Háaleitisbraut 68 í byrjun sumars. Námskeiðið var mjög gott og gagnlegt, en aðstaðan var ekki hentug fyrir svona stóran hóp af fólki.

Námskeið í skyndihjálpi var haldið fyrsta vinnudag tímabilsins. Starfsmenn fengu mikið af góðum upplýsingum, en námskeiðið var ekki sniðið að aðstæðum hópsins í sumar, þ.e. langt í burtu frá bænum og enginn aðgangur að rennandi vatni. Námskeiðishaldarar virtust ekki áhugasamir um efnið og verkleg kennsla var ábótasöm.

Kynningarfulltrúi hélt stuttan fyrirlestur um fyrirtækið. Fyrirlesturinn var áhugaverður en hefði mátt vera styttri og fá svo öryggisfulltrúa til að fara yfir öryggismat þann dag.

Fyrsti dagur vinnutímabilsins myndi ef til vill nýtast betur, ef hann yrði notaður alfarið í námskeið og fyrirlestra.

Öryggisfulltrúi Landsvirkjunar heimsótti sumarvinnuhópana í Heiðmörk og Hafnarfirði um mitt sumarið og hélt kynningu um að slysin gera oft ekki eða lítil boð á undan sér. Kynningin höfðaði ekki til hópanna og þeirra aðstæðna sem þeir eru í á hverjum degi. Þó benti hann á að verkstjórar ættu að fara yfir öryggisma, t sem hafði verið gert í byrjun sumars með sumarvinnukrökkunum, sem var gert í framhaldinu.

Bílar

Þetta árið voru bílarnir pantaðir of seint. Þess vegna voru ekki til neinir pallbílar fyrir Heiðmörk og Hafnarfjörð.

Hafnarfjarðarhópurinn fékk Nissan Pathfinder jeppa sem nýttist ágætlega þar sem um minna svæði er að ræða en þá þurfti oft að nota kerru. Einu sinni varð óhapp með kerruna sem hefði mátt

koma í veg fyrir, ef hentugri bíll hefði verið í boði. Á hinn bóginn var hentugt að hafa sjö manna bíl, þar sem verkefni voru oft í mikilli fjarlægð frá Þöll.

Heiðmerkurhópurinn fékk gamlan bíl frá Landsvirkjun til afnota. Sá bíll var pallbíll með yfirbyggðum palli. Hann nýttist mjög vel en þar sem Heiðmörk er mjög erfitt svæði varð bíllinn fyrir hnjaski, svo sem eins og rispum og litlum dældum. Einnig brotnaði ein rúða á pallhúsi. Bílaleigubíllinn sem hefur verið notaður í flökkuhópnum undanfarin ár er Toyota Hiace. Hann hentar fjölda flökkuhópsins vel en erfitt er að hafa skipulag á fötum, skóm, vinnubúnaði og öðrum nauðsynum í skottinu þar sem allt fer á flug í beygjum. Væri flott að fá leyfi fyrir að hanna einhverskonar skúffu eða kassa kerfi aftan í skottið. Fyrstuhjálpartöskur vantaði í bílana. Elvar fór og keypti þrjá í byrjun sumars. Þeir verða settir til hliðar og notaðir aftur næsta sumar.

Búnaður og fatnaður

Starfsmaður frá Landsbjörgu kom upp í Heiðmörk og fór yfir allan skyndihjálparbúnað. Skyndihjálparbúnaður var aðgengilegur í vinnuskúr, í bílnum og í skemmunni.

Í Hafnafiði var búnaður yfirfarinn í byrjun júlí eins og kemur fram hér að ofan. Tveimur sjúkrakössum var komið fyrir í Þöll og einum í bíl sumarvinnunnar.

Líkt og öll sumur þurfti að kaupa nokkrar flíkur í stað þeirra sem voru orðnar ónýtar eða fyrir starfsmenn, sem enginn gamall galli passaði á. Yfirleitt hafa verið keyptar flíkur frá Dynjanda en vegna lélegrar þjónustu og óhentugs fatnaðar, voru viðskipti færið til 66° Norður.

Í byrjun sumars eru alltaf keyptir hanskar handa öllum starfsmönnum. Þetta árið voru keyptir dýrari hanskar hjá N1 en þeir nýttust mun betur, svo ekki þurfti að endurnýja um mitt sumar.

Aðstaða

Þetta árið fékk Heiðmerkurhópurinn tvo skúra til afnota, einn til að borða í og annan fyrir verkfærin. Það breytti mjög miklu til hins betra þannig að mælt er sterktlega með því að fá aftur tvo skúra í framtíðinni. „Lífsgæði“ starfsmanna í Heiðmörk voru augin um heilan helling, með því að panta kamar þetta árið.

Hafnafjarðarhópurinn fékk afnot af aðstöðu Skógræktarfélagsins Þöll, líkt og fyrri ár. Um er að ræða kofa þar sem er hægt að hengja af sér vinnuföt ásamt matsal með kæliskáp og örbylgjuofni. Þetta er topp aðstaða sem sumarstarfsmenn LV og starfsmenn Skógræktarfélagsins hjálpuðust að við að viðhalda í sumar.



Myndaskrá

Myndirnar tóku Elvar Sigurgeirsson, Sunna Kristín Óladóttir og Ríkarður Már Ellertsson

Nafnalisti

Andrea Björk Harðardóttir	Hrefna Ásgeirsdóttir
Atli Már Indriðason	Hreiðar Þór Heiðberg
Atli Páll Pétursson	Karólína Rut Lárusdóttir
Atli Thorarensen	Katrín Þórhallsdóttir
Atli Þórður Jónsson	Kristín Edda Kristjánsdóttir
Axel Sigurðarson	Kristín Unnur Mathiesen
Ásta Hlín Styrmisdóttir	Kristján Frosti Bjarnason
Bjarki Rósantsson	María Árnadóttir
Bjarni Theodórsson	Máni Örn Arnarson
Daníel Már Guðmundsson	Páll Arnar Kandeh
Edda Líf Jónsdóttir	Soffía Stefánsdóttir
Einar Freyr Bergsson	Steingrímur Bersi Ellingsen
Elma Ingvarsdóttir	Sölvi Daðason
Erla Gestsdóttir	Tómas Atli Ásgeirsson
Guðbjörg Eva Guðjónsdóttir	Tristan Ingi Ragnarsson
Guðjón Erlendur Björnsson	Viktor Örn Ásgeirsson
Gunnar Sigurðsson	Þorkell Helgason
Halldór Rúnar Vilhjálmsson	Þór Hinriksson
Heimir Marel Geirsson	Þóra Óskarsdóttir
Helga Katrín Jónsdóttir	Þórdís Helga Ásgeirsdóttir
Hendrik Daði Jónsson	

14. ágúst 2015

Elvar Sigurgeirsson, Sunna Kristín Óladóttir, Ríkarður Már Ellertsson,

Guðmundur Jónsson, Þórdís Ylfa Viðarsdóttir



Landsvirkjun

Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík
landsvirkjun.is

landsvirkjun@lv.is
Sími: 515 90 00

